

Fimmtudaginn 4. mars 1999.

Nr. 355/1998. **Tryggingastofnun ríkisins**
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Vigfúsi Guðmundssyni
(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Lyfjaverð. Stjórnvaldsákvörðun. Fyrning. Vextir.

Sams konar mál og mál nr. 343/1998.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Jónatan Þór-
mundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1998. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og máls-
kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að
tildæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir
Hæstarétti.

Mál þetta er samkynja tuttugu og fimm málum sem dæmd eru sam-
hliða. Um rökstuðning fyrir niðurstöðu þessa máls vísast til forsendna
í málinu nr. 343/1998, Tryggingastofnun ríkisins gegn Werner Rasmus-
syni, að öðru leyti en því að stefndi átti ekki sæti í lyfjaverðlagsnefnd.
Stefndi telur skerðingu á greiðslum til sín frá með greiðslu 17. mars
1990 til og með greiðslu 17. apríl 1996 nema alls 2.958.436 krónum og
er ekki um það deilt. Héraðsdómsstefna var birt 2. september 1997 og
verður áfrýjandi dæmdur til að greiða þann hluta kröfu stefnda, sem
gjaldféll eftir 2. september 1993, eða 2.529.547 krónur með þeim
vöxtum sem um getur í dómsorði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo
sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnda, Vigfúsi
Guðmundssyni, 2.529.547 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. apríl 1997 til greiðsludags og samtals 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.
